

1. bekkur íslenska

Kennarar: Daði Guðjónsson; Erla Hrönn Júlíusdóttir;
Sigurlaug Hauksdóttir

Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Markmið

Í íslensku verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsnámskrá 1. - 4. bekk. Hæfniviðmiðin verða brotin í smærri markmið.

Þegar kemur að lestrar og íslenskunámi er lesinn gæðatexti og stafainnlögn fer fram í gegnum hann. Lagðir eru inn tveir stafir á viku. Þegar líður á veturinn eru stafir rifjaðir upp með þeim nemendum sem á því þurfa að halda.

Í hverri viku fer fram fjölbreytt vinna með orð í textanum, söguþráð eða innihald þar sem markmið í lestri, ritun og málfræði eru höfð að leiðarljósi. Sköpun, spil og leikir fléttast inn í námið á hverjum degi.

- bókstafur, tölustafur, orð, setning, punktur og spurningarmerki
- greint orðafjöldi í setningu, atkvæðafjöldi í orðum, fjöldi hljóða í orðum
- geta parað saman stóra og litla stafi
- greint hljóð og merkt við staf
- greint forhljóð og skrifað staf
- greint hljóðað orð
- lesið orð og tengt við mynd
- skoðað mynd og fundið rétt orð

Námsefni

Byrjendalæsi, Ritrún, Lestrarlandið 2 og 2+, Skrift 1, Ítalíu skrift 1 A og B, orðasafnið mitt, ýmis ljóð, fjölbreytilegir textar úr ýmsum bókum og blöðum, Ýmis verkefni m.a. af netinu, tjáning. Samvinna, hópastarf, hlustun og leikir verkefnavinna, munnleg og/eða skrifleg, próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi.

Kennsluaðferðir

Byrjendalæsi aðferð

Námsmat

Vinnubækur og verkmöppur, þátttaka í samræðum, tjáning og virkni, einstaklings- og hópverkefni, sjálfsmat og jafningjamat, vettvangsathuganir og þemaverkefni, matskvarðar sem lagðir eru til grundvallar náms og kennslu.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Hæfniviðmið) - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Hæfniviðmið) - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Hæfniviðmið) - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Hæfniviðmið) - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið)

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Talað mál, hlustun og áhorf

- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Málfræði

- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

Lesfimiviðmið 1.-10. bekkur - 1. bekkur

- **1. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
September - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **1. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Janúar - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **1. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Maí - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

- **LESFIMIVIÐMIÐ**

VIÐMIÐ VIÐ LOK 1. BEKKJAR. Útskýring á matstáknum. Rétt lesin orð á mínútu: Undir viðmiði = færri en **20**. Viðmið 1 = **20-54**. 90% af nemendum. Viðmið 2 = **55-74**. 50% af nemendum. Viðmið 3 = **75** eða fleiri. 25% af nemendum. Athugið að lesfimiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 1. bekkjar.